

I. Tillaga til 404. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 21. september 2017.

Tillaga frá 483. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar frá 13. september sl., um að samþykkja tillögu að deiliskipulagi fyrir Torfnes sem auglýst var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010.

2. Torfnes - Nýtt Deiliskipulag - 2017030092

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 14. júlí síðastliðinn sem starfandi bæjarstjórn, að heimila að deiliskipulag og greinargerð fyrir Torfnes yrði auglýst skv. 1. mgr. 43 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 jafnframt að gerðar breytingar á uppdrætti sem voru eftirfarandi þ.e. að byggingarreitur yrði stækkaður í átt að vallarhúsi. Að gert yrði ráð fyrir möguleika á tengibyggingu við vallarhús jafnframt að auglýsingin yrði kynnt sérstaklega fyrir íbúum aðliggjandi lóða við Miðtún og Seljalandsveg.

Auglýst var á eftirfarandi miðlum, vef BB, vef Ísafjarðarbæjar, í Fréttablaðinu og í Lögbirtingi, breytingar voru jafnframt grenndarkynntar íbúum við Miðtún, Sætún og Seljalandsveg.

Tvær athugasemdir bárust við deiliskipulagstillögu við Torfnes, annarsvegar í tölvupósti dags.14.08.2017 frá Val Richter f.h. Skotveiðifélags Ísafjarðar og frá eigendum fasteignarinnar að Miðtúni 10 skv. undirrituðu bréfi dags. 27.08.2017

Skipulags og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja auglýsta tillögu og skipulagsfulltrúa falið að svara athugasemdum í minnisblaði Verkis dags. 23. ágúst 2017